

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla 13. nóvember 2020

Dagskrá:

- Kjör grenndarfulltrúa.
- Skólastarf í COVID
- Nemendur og skólastarf.
- Húsnæðismál skólans

Mættir á fundinn: Jóhannes fulltrúi foreldra, Guðmundur skólastjóri, Tóbías fulltrúi nemenda, Guðný aðstoðarskólastjóri, Halldór forstöðumaður félagsmiðstöðvar, Svanborg fulltrúi kennara og Agnes grenndarfulltrúi sem kom inn á fundinn þegar dagskrárliður 2 hófst. Svala fulltrúi annarra starfsmanna og Sólveig fulltrúi foreldra boðuðu forföll.

Nýr grenndarfulltrúi er Agnes Hólm Gunnarsdóttir

Guðmundur bauð Agnesi og Tóbías sérstaklega velkomin á sinn fyrsta fund.

Guðmundur bað Tóbías og Halldór um að segja frá félagsstarfi unglinga á þessum erfiðum tímum.

Tóbías talar um að félagsmiðstöðin hafi gengið vel á netinu. Halldór talar um að það sé stór breyting á því að fara frá venjulegri félagsmiðstöð yfir í net félagsmiðstöð og segir frá því hvaða forrit þau eru að nota en þar er hægt að vera allir saman eða fara í sérherbergi með árganga eða minni hópa. Búið að fara í Bingó, kahoot o.fl. Einnig hafa þau fengið fyrirlestur frá Sólveigu afrekskonu í fótbolta. Einnig hafa verið viðburðir þar sem eru sameiginlegir innan Kópavogs t.d. tölvuleiki, stuttmyndir.

Nemendaráðið fundar á meet þar sem þau geta haft áhrif á það sem gert er í fjarfélagsmiðstöðinni. 10. bekkur er að undirbúa netbingó.

Tóbías segir frá „lani“ þar sem allir fá að spila það sem þau vilja. Síðan er stefna á að vera með hitting á diskorn með allskonar horn, matreiðsluhorn, hárgreiðslu horn o. fl.

Halldór segir frá því að næsta mánudag fá þau annan gest frá útlöndum en þá horfa þau á sögu tölvuleik og fá síðan að spyrja starfsmann sem vinnu hjá því fyrirtæki út í leikinn. Fullt af allskonar í gangi.

Tóbías finnst búið að vera skrýtnara félagslífið í skólanum þar sem þau þurfa að hafa bil á milli borða og komast ekkert í matsalinn. Einnig fær hann ekki að fara að hitta aðra krakka nema með grímu. Krakkar eru að fara minna út eftir skóla.

Halldór talar um að áður en félagsmiðstöðin fór yfir á netið þá voru strákarnir að mæta betur í félagsmiðstöðina og hefur sú skipting haldist yfir á netið. Bingó og kahoot þar er kynjaskiptingin nokkuð jöfn. Diskort er heppilegur staður fyrir fjarfélagsmiðstöð. Við reynum að koma á mótis við sem flesta eins og hægt er. Einnig er verið að spila borðspil á netinu.

Guðmundur spyr Tóbías um skóladaginn sjálfan. Hvernig líður krökkunum með þetta?

Tóbías talar um að í sínum bekk líði engum illa með þetta, þetta sé bara það sem þurfi að gera.

Jóhannes þakkar Halldóri fyrir að halda félagsmiðstöðinni gangandi á þessum skrýtnum tímum.

Halldór hrósar starfsfólkinu sínu fyrir og nemendaráðið komi sterkt inn í starfseminu á netinu.

Guðmundur talar um hvað félagsmiðstöðin sé lausnamiðuð og þakkar þeim fyrir það.

Guðmundur opnar umræðu um „nemendur og skólastarf“.

Svanborg segir frá því hvernig þetta gangi frá kennara hálfu. Henni finnst þetta ganga ótrúlega vel og nemendur standi sig vel og eru með grímu og spritta sig. Kennslustundirnar ganga svipað og áður en nemendur geta ekki unnið saman.

Tóbías finnst þetta fínt en hann saknar þess mest að geta ekki setið nálægt samnemendum. 10. bekkur fái fjarkennslu í íslenskri og stærðfræði.

Guðný sagði frá skólastarfinu frá 1. - 10. bekk.

Foreldrafulltrúi sagði sína upplifun að þetta gangi vel.

Guðmundur talar um að við séum að funda með öllum kaffistofunum og bregðast við því sem þarf að bæta í þeirri aðstöðu og í skipulagi.

Guðmundur segir frá því að við séum búin að vera að skoða Fannborg fyrir hóp frá okkur til að losa um þrengslin sem eru í skólanum en það er allt á bið til að sjá hver þróunin verður í þjóðfélaginu. Verst af öllu er matarleysið fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Erum að reyna að finna lausn á.

Guðmundur kynnir tvo nýja hnappa á heimasíðu skólans annars vegar hnappur sem heitir „Námstækni“ en þar hefur Elísabet námsráðgjafi sett inn ýmislegt efni sem hjálpar nemendum og foreldrum við ýmislegt. Annar hnappur er þar fyrir aftan er „Fjarnámsvefur“ fyrir hvern árgang fyrir sig. Hvort sem að Covid fer eða ekki þá verða þessir hnappar áfram til staðar. Skólastarf í Covid hefur líka jákvæð áhrif:)

Jóhannes ræðir um að það mætti alveg setja inn myndir af kennurum til að hjálpa foreldrum að vita hver er hvað.

Húsnæðismál skólans.

Guðmundur talar um að það sé 11/2 ár síðan að skrifað var bréf um það þyrfti að fara að huga að breytingum (stækkun) fyrir skólann. Niðurstaðan er sú að við erum með fulla heimild til að skoða húsnæðið með tillit til stækkunar. Allt á bið vegna covid. Þegar allt fer að stað aftur eftir covid þá verður farið af stað í þessa vinnu. Verðum að vera á undan nýju íbúðunum í hverfinu. Klæðning á suðurhlið skólans hefur heppnast vel.

Þegar þessi vinna byrjar þá er svo margt sem þarf að huga að því skiptir svo miklu máli að hafa arkitekt með í þeirri vinnu.

Agnes spyr um bygginguna sem á að koma á milli Kópavogsskóla og MK. Guðmundur sagði frá því þegar við fengum skipulagsstjóra á fund til okkar og farið í málin í framhaldi af því var niðurkeyrsla í bílastæði færð. Allir ánægðir með þá breytingu.

Guðmundur sagði frá því að við hefðum farið að skoða Fannborg og fengum við þar upplýsingar um að Fannborgin verði rifin þegar uppbygging á því svæði fer af stað.

Fundi sliti kl. 8:55